

Álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 13. febrúar 2018 gaf kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu M-80/2017.

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 31. október 2017 bað X, hér eftir nefndur álitsbeiðandi, um álit kæruneftndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna kaupa á bifreið af Y, hér eftir nefndur seljandi. Álitsbeiðandi telur að bifreiðin hafi verið haldin galla við kaupin og krefst þess að seljandi greiði sér þann hluta viðgerðarkostnaðar sem hann varð að bera sjálfur, eða 30% kostnaðarins.

II

Niðurstaða kæruneftndarinnar

Kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa starfar samkvæmt ákvæðum laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa. Í lögum nr. 87/2006 segir að aðilar, sem greinir á um réttindi sín samkvæmt lögum um lausafjárkaup nr. 50/2000, lögum um þjónustukaup nr. 42/2000 og lögum um neytendakaup nr. 48/2003, geti beiðt kæruneftndina um álit á ágreiningnum.

Álitsbeiðandi segir að hann hafi keypt bifreiðina XX-000 af gerðinni WV Golf þann 10. september 2015 af seljanda. Bifreiðin var nýskráð þann 3. janúar 2013. Í byrjun júní árið 2017 fór álitsbeiðandi að verða var við hljóð í mótör bifreiðarinnar sem lýsti sér eins og bank, en á þeim tíma hafði bifreiðin verið ekin um 89.000 km. Viðgerð var síðar framkvæmd á bifreiðinni þann 21. september 2017 þar sem skipt var um mótör og gert var við túrbínu bifreiðarinnar og vatnsdælu. Álitsbeiðandi bar 30% viðgerðarkostnaðarins sem var að fjárhæð 517.648 krónur.

Hinn 1. nóvember 2017 var álitsbeiðanda sent bréf og hann beiðinn um að færa gögn til stuðnings kröfu hans inn á mál sitt hjá kæruneftndinni, þar á meðal kaupsamning vegna kaupa á bifreiðinni. Beiðni um gögn var ítrekuð þann 6. nóvember 2017.

Kæruneftndinni hefur ekki borist svar við framangreindum bréfum. Í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kæruneftnd lausafjár- og þjónustukaupa segir:

„Í álitsbeiðni skal lýst því ágreiningsefni sem leitað er álits á og þeim kröfum er beiðandi gerir á hendur gagnaðila. Kröfurnar ber að rökstyðja. Álitsbeiðninni skulu fylgja þau sönnunargögn um málsatvik sem tiltæk eru.“

Í 1. mgr. 7. gr. sömu reglugerðar segir að nefndin taki afstöðu til þess hvort ágreiningur heyri undir hana og hvort ágreiningur sé þess eðlis eða studdur þeim gögnum að nefndin geti tekið efnislega afstöðu til ágreiningsins með álitsgerð. Telji nefndin svo ekki vera skal hún vísa máli frá. Þá vísar kæruneftndin máli frá ef mál er svo óljóst, illa upplýst eða krafa aðila svo óljós að málið er ekki tækt til álitsgjafar.

Á grundvelli þessa telur nefndin óhjákvæmilegt að vísa álitsbeiðni þessari frá.

II

Álitsorð

Álitsbeiðni X er vísað frá kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hrannar Már Gunnarsson